

Þriðjudaginn 16. júní 2020.

Nr. 3/2020.

Garðabær

(Ásgeir Þór Arnason lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Arnason lögmaður)

Stjórnarskrá. Fjárlög. Almanna tryggingar. Sveitarfélög. Samningur.

G höfðaði mál og krafði Í um greiðslu sem nam uppsöfnuðu tapi af rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar á árum 2013 til 2015. Var málatilbúnaður G reistur á því að framlög til heimilisins frá Í með daggjöldum hefði ekki nægt fyrir rekstrarkostnaði. Aðilar höfðu gert samning í maí 2010 um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ. Í þeim samningi var meðal annars tekið fram að aðilar myndu gera samning um rekstur hjúkrunarheimilisins en slíkur samningur var aldrei gerður. Með vísan til þess var í dómi Hæstaréttar talið að Í hefði ekki skuldbundið sig til greiðslu alls kostnaðar við rekstur hjúkrunarheimilisins og að greiðsluskylda Í yrði ekki reist á vanefnd samningsskuldbindingar gagnvart G. Þá taldi rétturinn að Í hefði axlað skyldur sínar að lögum gagnvart G með því að tryggja sveitarfélaginu fjárveitingar á fjárlögum á umræddum árum. Var Í því sýknað af kröfum G.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, Ingveldur Einarssóttir, Karl Axelsson og Ólafur Þórkur Þorvaldsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 9. janúar 2020. Hann krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér 319.254.632 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. janúar 2014 til 19. nóvember 2015 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda á öllum dómstigum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I

Áfrýjandi rak hjúkrunarheimilið Ísafold í Garðabæ á tímabilinu frá apríl 2013 til 31. janúar 2017. Í málinu krefur hann stefnda um uppsafnað tap vegna rekstrarins fyrir árin 2013 til 2015 og er málatilbúnaðurinn reistur á því að framlög til heimilisins frá stefnda með daggjöldum hafi ekki nægt fyrir rekstrarkostnaði. Með héraðsdómi var stefndi sýknaður af kröfu áfrýjanda og staðfesti Landsréttur þá niðurstöðu með hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjunarleyfi var veitt á þeim grunni að úrslit málsins gætu haft almennt gildi.

II

Aðilar gerðu samning 14. maí 2010 um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ. Samkvæmt samningnum tók áfrýjandi að sér að hanna og byggja slíkt heimili í sveitarfélaginu með 60 rýmum á lóð sem hann lagði til að kostnaðarlausu fyrir stefnda. Samningurinn var byggður á heimild Íbúðalánasjóðs til að veita sveitarfélögum lán vegna bygginga eða kaupa á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Þá gekkst stefndi með samningnum undir að greiða hlutdeild í leigu fyrir húsnæðið. Jafnframt var tekið fram í samningnum að aðilar myndu gera samning um rekstur hjúkrunarheimilisins. Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi var slíkur samningur ekki gerður.

Í bréfi áfrýjanda til stefnda 19. október 2015 var því haldið fram að stefndi hefði vanefnt umræddan samning um byggingu hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og þess krafist að hann endurgreiddi með vöxtum það fé sem áfrýjandi hafði látið renna til heimilisins frá því það tók til starfa á árinu 2013 til 1. október 2015. Þeirri kröfu hafnaði stefndi með bréfi 2. desember 2015. Í kjölfarið fór áfrýjandi þess á leit með tölvubréfi 30. sama mánaðar að stefndi yfirtæki reksturinn og sendi honum drög að samningi þess efnis. Því erindi svaraði stefndi með bréfi 15. apríl 2016 þar sem tekið var fram að hvorki væru fyrir hendi fjárheimildir til að yfirtaka reksturinn né hækka daggjöld til heimilisins.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlit fjárheimilda og útgjalda hans til áfrýjanda vegna hjúkrunarheimilisins árin 2014 og 2015. Samkvæmt því námu fjárveitingar á fjárlögum og fjáraulögum á árinu 2014 samtals 519,7 milljónum króna, en við bættust 3 milljónir króna vegna launaendurmats eftir kjarasamningi og framlags af tilteknum safnlið að fjárhæð 3,8 milljónir króna. Samtals námu því fjárheimildir 526,5 milljónum króna. Útgjöld stefnda til heimilisins á því ári námu tæpum 528 milljónum króna og voru því tæplega 1,5 milljón króna umfram heimildir. Samkvæmt yfirlitinu námu fjárveitingar til heimilisins á árinu 2015 á fjárlögum 557,4 milljónum króna en við bættust 13,8 milljónir króna vegna launaendurmats samkvæmt kjarasamningi. Alls námu því fjárheimildir 571,2 milljónum króna. Útgjöld stefnda til heimilisins á því ári námu rúmum 595 milljónum króna og voru því tæpum 24 milljónum króna umfram heimildir.

Fjárkrafa áfrýjanda svaraði upphaflega til uppsafnaðs rekstrartaps án tillits til afskrifta og fjármagnsliða eftir ársreikningum hjúkrunarheimilisins Ísafoldar en hann lækkaði fjárhæðina síðan til samræmis við matsgerð dómkvadds manns sem hann aflaði undir rekstri málsins í héraði. Matsgerðinni er nánar lýst í héraðsdómi og hinum áfrýjaða dómi.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi gerði áfrýjandi samning 6. janúar 2017 við Sjómannadagsráð um yfirtöku á rekstri hjúkrunarheimilisins frá 1. febrúar það ár.

III

Svo sem hér hefur verið rakið var ekki gerður samningur milli aðila um rekstur hjúkrunarheimilisins Ísafoldar eins og gert var ráð fyrir í samningi þeirra 14. maí 2010 um heimilið. Af því leiðir að stefndi hefur ekki með samningi skuldbundið sig til greiðslu alls kostnaðar við rekstur þess. Verður greiðsluskylda stefnda því ekki byggð á vanefnd samningsskuldbindingar gagnvart áfrýjanda. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á þá niðurstöðu að stefndi hafi axlað skyldur sínar að lögum gagnvart áfrýjanda með því að tryggja honum fjárveitingar á fjárlögum á árunum 2013 til 2015, að því gættu þó að ekki verður talið að áfrýjandi hafi sýnt af sér tómlæti við að halda fram ætluðum rétti sínum svo áhrif geti haft fyrir niðurstöðu málsins. Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Eftir úrslitum málsins verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garðabær, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Rétt endurrit staðfestir
16.06. 2020
Gjald: 900 kr.



